

## Námskeið fyrir alla sem vinna við opinber innkaup

Árið 2026 er mikið að gerast á sviði opinberra innkaupa. Nýjar tilskipanir/reglur frá Evrópusambandinu ásamt þróun í réttarframkvæmd hafa áhrif á hvernig skilja á reglurnar og beita í verki.

Lög og reglur um opinber innkaup byggja að mestu á reglum evrópuréttarins og þykja almennt flóknar í notkun og túlkun. Það er miður og stefnir í hættu þeim markmiðum sem lögin byggja á, þ.e. að tryggja jafnræði og gagnsæi í opinberum innkaupum. Þá eiga lögin að stuðla að því að opinberir aðilar sem fara með almannafé sýni aga í opinberum rekstri og að þeir tryggi aukna hagkvæmni við innkaup með því að virkja samkeppni.

Markmið námskeiðsins er að fjalla um reglurnar á aðgengilegan hátt fyrir alla aðila sem koma bæði að framkvæmd og samningagerð í opinberum innkaupum. Áherslan í umfjölluninni er að gera þeim þáttum sérstök skil sem oftast hefur reynt á í framkvæmd fyrir eftirlitsaðilum og dómstólum með tilvísanir til og umfjallanir um viðeigandi réttarheimildir og fordæmi, bæði innlend og erlend með áherslu á túlkun Evrópudómstólsins.

Námskeiðið mun nýtast lögmönnum og lögfræðingum. Þá mun það gagnast starfsfólki opinberra kaupenda, þ.e. ríkis, sveitarfélaga og annara stofnanna eða fyrirtækja sem lög um opinber innkaup gilda um. Einnig getur það nýttst ráðgjöfum framangreindra aðila og fyrirtækjum sem taka þátt í samkeppni um opinbera samninga.

Eypóra og Margrét eru með í vinnslu fræðirit á sviði opinberra innkaupa. Þær eru báðar lögmenn með áratuga reynslu af opinberum innkaupum, þ.á.m. innleiðingu tilskipana um opinber innkaup á Ísland og í Noregi, ritun leiðbeininga og reglna um framkvæmd opinberra innkaupa, námskeiðahaldi og fyrirlestrum, ráðgjöf til kaupenda og seljanda, m.a. hönnun innkaupaferla og matslíkana, mat á tilboðum og mat á hæfi bjóðenda, samskipti vegna kvartana til ESA, kærunefnda á Íslandi og í Noregi, samvinna milli Norðurlanda og á vettvangi Evrópusambandsins.

Námskeiðið er m.a. byggt á fyrstu köflum fræðiritsins.

## Dagskrá

11:45 Skráning

12:00-12:45 Almennt, hvað er á döfinni í Evrópusambandinu og í Noregi.

Ítarleg endurskoðun er í gangi hjá Evrópusambandinu á tilskipunum er varða opinber innkaup. Þær breytingar munu rata inn í íslenska löggjöf fyrr en síðar og hafa veruleg áhrif á undirbúning og skipulag opinberra innkaupaferla. Nýlega tóku gildi lagabreytingar í Noregi þar sem nýjum kafla um sjálfbærni, þ.e. umhverfislegum og vinnuréttarlegum sjónarmiðum, var bætt inn norsk lög um opinber innkaup.

Á námskeiðinu verður farið yfir nýjar reglur Evrópusambandsins á sviði opinberra innkaupa (verða kynnar af Framkvæmdastjórninni í september 2026).

13:00-13:45 Hvaða opinberir aðilar og samningar falla undir gildissvið laga um opinber innkaup og helstu undanþágur.

Oft getur leikið vafi á því hvaða aðilar falla í raun undir lög um opinber innkaup. Lögin taka til ríkis og sveitarfélaga en geta líka tekið til fyrirtækja og samtaka þeirra, auk þess sem einkaðilar geta í ákveðnum tilvikum fallið undir gildissvið laganna. Mikilvægt er að skoða gildissviðið enda stýrir það hvort og hvernig aðilum beri að haga innkaupum sínum.

Á námskeiðinu verður farið í gegnum þau skilyrði sem oftast valda vafa þegar meta skal hvort að aðilar falli undir gildissvið laganna. Þá verður farið í gegnum hvaða samningar falla undir gildissviðið auk þess hverjar eru helstu undanþágur þ.á m. undanþágan um kaup og leigu á fasteignum.

14:00-14:45 Innanhússamningar

Ríki, sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum er frjálst að skipuleggja sína starfsemi eins og hagstæðast er til þess að leysa sín verkefni. Þetta á einnig við ef opinber aðili ákveður að framleiða sína vöru sjálfur, annast þjónustu sjálfur eða framkvæma verk sjálfur og er þá talað um að ekki sé að ræða um samning um opinber innkaup að ræða í skilningi laganna. Þetta þýðir að opinber aðili getur valið, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, hvort að hann vilji uppfylla sínar þarfir með því að bjóða út samning á markaði, eða með því að gera eigin ráðstafanir án utanaðkomandi aðstoðar.

Þegar opinber rekstur er skipulagður er gagnlegt að þekkja vel reglurnar um innanhússamninga. Reglurnar veita svigrúm til þess að leysa sín verkefni sjálf á öllum sviðum, m.a. þegar um er að ræða heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu eða sorphirðu, Umræddar reglur eru hins vegar oft gangrýndar fyrir að vera lítið aðgengilegar. Ástæðan fyrir því er að hér er um að ræða reglur sem eingöngu eru búnar til á grundvelli dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins.

Á námskeiðinu verður fjallað um undanþáguna í 13. gr. laganna um innanhússamninga (in-house).

15:00-15:45 Meginreglurnar

Grundvallarreglur í opinberum innkaupum eru eitt mikilvægasta verkfærið til að sporna við spillingu í opinberum innkaup. Þær skylda kaupendur til að gæta jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis. Jafnframt er kaupendum óheimilt að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti. Þá er kaupendum skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í innkaupaferli til að tryggja jafnræði. Auk þess eru fleiri sjónarmið sem kaupendur þurfa að hafa að leiðarljósi eins og sjálfbærni.

Meginreglurnar eru lagðar til grundvallar í öllum innkaupaferlum og samningum sem eiga rætur sínar að rekja til innkaupareglanna.

Á námskeiðinu verður fjallað um helstu meginreglur laga um opinber innkaup eins og þær koma fram í innkaupaferlum og framkvæmd samninga gerðra á grundvelli þeirra, m.a. með áherslu á sjálfbærni. Þá verður fjallað um hvernig koma má í veg fyrir hagsmunaárekstra.